



**72. fundur Byggðaráðs Múlapings
haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins, Seyðisfirði, þriðjudaginn 24. janúar
2023
og hófst hann kl. 09:00**

Fundinn sátu:

Berglind Harpa Svavarsdóttir formaður, Vilhjálmur Jónsson varaformaður, Ívar Karl Hafliðason aðalmaður, Hildur Þórisdóttir aðalmaður, Helgi Hlynur Ásgrímsson aðalmaður, Þröstur Jónsson áheyrnarfulltrúi, Björn Ingimarsson sveitarstjóri, Guðlaugur Sæbjörnsson fjármálastjóri og Inga Þorvaldsdóttir fundarritari.

Fundargerð ritaði: Inga Þorvaldsdóttir, fulltrúi á stjórnslusviði

Dagskrá:

1. 202301003 - Fjármál 2023

Fjármálastjóri og sveitarstjóri fóru yfir og kynntu mál er varða fjármál og rekstur sveitarfélagsins.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings leggur til við sveitarstjórn að tekið verði lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 800.000.000 með lokagjalddaga þann 20. mars 2039 í samræmi við skilmála lánasamnings sem liggur fyrir fundinum og byggðaráð hefur kynnt sér og er í samræmi við gildandi fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Jafnframt verði Birni Ingimarssyni, sveitarstjóra Múlapings, kt. 301254-4079, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Múlapings að undirrita lánsamninga við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

2. 202212047 - Félagsheimilið Herðubreið, rekstur

Fyrir liggja drög að auglýsingu varðandi útboð á rekstri félagsheimilisins Herðubreiðar á Seyðisfirði ásamt minnisblaði frá atvinnu- og menningarmálastjóra og útboðsgögnum. Atvinnu- og menningarmálastjóri kom inn á fundinn undir þessum lið og fór yfir fyrirbyggjandi gögn.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings samþykkir að útboð á rekstri félagsheimilisins Herðubreiðar fari fram í samræmi við fyrirbyggjandi gögn og umræður á fundinum. Atvinnu- og menningarmálastjóra falið að láta birta uppfærða auglýsingu varðandi málið.



Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Gestir

Aðalheiður Borgþórsdóttir - 10:00

3. 202301047 - Samningur vegna rekstrarstyrks til Tækniminjasafns Austurlands 2023

Fyrir liggja drög að samningi vegna rekstrarstyrks til Tækniminjasafns Austurlands fyrir árið 2023 til samþykktar. Verkefnastjóri menningarmála kom inn á fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir fyrirbyggjandi drög að samningi vegna rekstrarstyrks til Tækniminjasafns Austurlands fyrir árið 2023 enda í samræmi við samþykta fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2023. Sveitarstjóra falið að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Gestir

Heiðís Hólm Guðmundsdóttir - 10:45

4. 202210117 - Menningarstyrkir Múlaþings 2023

Fyrir liggur tillaga að fyrri úthlutun menningarstyrkja Múlaþings fyrir árið 2023 samtals að fjárhæð um 7,6 millj.kr., á grundvelli umsókna. Verkefnastjóri menningarmála kom inn á fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir framlagðar tillögur að fyrri úthlutun menningarstyrkja Múlaþings fyrir árið 2023 og felur verkefnastjóra menningarmála að annast úthlutun í samræmi við gildandi reglur.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Gestir

Heiðís Hólm Guðmundsdóttir - 00:00

5. 202301148 - Fundargerðir stjórnar Ársala 2023

Fyrir liggur fundargerð stjórnar Ársala, dags. 16.01.2023.

Lagt fram til kynningar.

6. 202301167 - Fundargerðir stjórnarfundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 2023

Fyrir liggur fundargerð stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 18.01.2023.



Lagt fram til kynningar.

7. 202012168 - Skriðuföll á Seyðisfirði

Sveitarstjóri fór yfir stöðu mála varðandi húsnæðið Hafnargötu 40B á Seyðisfirði og gerði grein fyrir tillögu að lausn.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings felur sveitarstjóra vinna málið áfram í samræmi við umræðu á fundinum. Málið verður lagt fyrir byggðaráð á ný til afgreiðslu er niðurstaða liggur fyrir.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

8. 202106102 - Samstarfsvettvangur Múlapings og lögreglunnar á Austurlandi

Undir þessum lið komu inn á fundinn lögreglustjóri Austurlands og yfirlögregluþjónn embættisins. Farið var m.a. yfir starfsemi embættisins á árinu 2022.

Lagt fram til kynningar.

Gestir

Margét María Sigurðardóttir og Kristján Ólafur Guðnason - 11:10

9. 202301168 - Erindi frá Austurbrú og SSA um þátttöku í nýju verkefni

Fyrir liggur erindi frá Austurbrú og SSA um þátttöku sveitarfélaganna á Austurlandi í nýju verkefni hjá Austurbrú í samstarfi við fleiri aðila. Unnið hefur verið að mótun verkefnisins í haust og liggja fyrir samningsdrög og upplýsingar um aðkomu sveitarfélaganna.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings samþykkir þátttöku í verkefninu og felur sveitastjóra að vinna að frágangi samnings þess efnis.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

10. 202209107 - Öldugata 14 Seyðisfirði

Í samræmi við bókun byggðaráðs Múlapings, dags. 06.12.2022, var farið í heimsókn í Öldugötu 14 á Seyðisfirði þar sem Párr Stave, framkvæmdastjóri Skafffells Listamiðstöðvar, tók á móti byggðaráði og starfsfólki sveitarfélagsins og gerði grein fyrir starfsemi og þeim hugmyndum er þau hjá Skafffelli hafa varðandi framtíðarstarfsemi þar.

Í vinnslu.



Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:10

